



21. apríl 2020
Tilv.: 2003102

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn vegna 292. máls, þingsályktunartillögu um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum.

Með tölvupósti dags. 16. mars 2020, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartillögu um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum, sbr. 292. mál, lagt fram á 150. löggjafarþingi.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) telur tilefni til að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Umræddar athugasemdir snúa fyrst og fremst að takmörkunum á viðskiptaþátttöku stjórnarmanna og framkvæmdastjóra skv. c. lið, og miðlægri hagsmunaskrá skv. d. lið þingsályktunartillögunnar.

Samkvæmt núgildandi lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ber stjórn lífeyrissjóðs að setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Slíkar reglur þurfa nú þegar að vera staðfestar af Fjármálaeftirlitinu sbr. 5. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna.

Í tengslum við eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða hefur Fjármálaeftirlitið aðgang að öllum gögnum og upplýsingum lífeyrissjóða sem það telur nauðsynlegt skv. 1. mgr. 44. gr. sömu laga. Sambærileg ákvæði um miðlæga hagsmunaskrá er ekki að finna í öðrum sérlögum um fjármálastarfsemi.

Í ljósi framangreinds auk víðtækra gagnaöflunarheimilda telur Fjármálaeftirlitið ekki brýna nauðsyn á því að stofnunin haldi sérstaka skrá um hagsmuni og trúnaðarstörf stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða.

Varðandi fyrirhugaðar takmarkanir á viðskiptaþátttöku framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á því að í 31. gr. laga nr. 129/1997 eru gerðar ríkar kröfur til hæfis stjórnarmanna og

frankvæmdastjóra í lífeyrissjóðum. Í því samhengi telur Fjármálaeftirlitið brýnt að nánari útfærsla takmarkana á viðskiptaþátttöku taki m.a. mið af 7. mgr. 31. gr. laganna, með þeim hætti að tryggt sé að viðkomandi aðilar búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að stofnunin kann að veita ítarlegri umsögn um tillögurnar í heild sinni, komi til þess að þær verði útfærðar nánar í frumvarpi til laga.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Björk Sigurgísladóttir

Björk Sigurgísladóttir
frkvstj. lagalegs eftirlits
og vettvangsathugana

Rannveig Jónúsdóttir

Rannveig Jónúsdóttir
frkvstj. skrifstofu bankastj.